



Alþingi

Erindi nr. P 136/1124

komudagur 9.3.2009

# Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis,  
viðskiptanefnd,  
Alþingi  
150 Reykjavík

Akureyri 9. mars 2009

**Efni:** umsögn um 356. mál, þskj. 606, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn)

Með tölvubréfi dags. 4. mars 2009 óskaði viðskiptanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga umbreytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, þskj. 606 – 356. mál.

Umsögn Jafnréttisstofu lýtur að 2. og 3. gr. frv. og 8. og 9. gr. frv. Jafnréttisstofa fagnar því að fram sé komið frv. til breytinga á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög sem gera það að skyldu félaganna að gæta að kynjahlutföllum og að halda utan um og tilkynna fjölda kvenna og karla, bæði í stjórnunarstöðum í félögunum, sem og meðal starfsmanna. Það eitt að eiga að halda til haga upplýsingum um fjölda kvenna og karla í hinum ýmsu stöðum í félögum leiðir til aukinnar meðvitundar um stöðu kynjanna innan félaganna. Með því að þekkja stöðuna og fylgjast markvisst með henni aukast líkurnar á að fylgt verði eftir ákvæðum jafnréttislaga nr. 10/2008, sérstaklega 18. gr., en vísað er í þá grein í greinargerðinni með frumvarpinu.

Jafnréttisstofa tekur undir mikilvægi þess að fara eftir jafnréttislögum og fylgja því eftir að hlutafélög og einkahlutafélög fari eftir þeim skyldum sem lagðar eru á atvinnurekendur skv. jafnréttislögum um að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og sérstaklega um að leggja áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Fyrirliggjandi frumvarp er gott skref í þá átt að ná þessum tilgreindu markmiðum jafnréttislaga því með því að þekkja stöðuna skapast nauðsynlegar forsendur til þess að gera breytingar, þar sem þeirra reynist þörf. Jafnréttisstofa bendir einnig á að í 15. gr. jafnréttislaga er raunverulega kominn á kynjakvóti varðandi stjórnir og ráð m.a. hjá fyrirtækjum sem eru í heild eða að meirihluta í eigu ríkis og sveitarfélaga. Jafnréttisstofa telur að ganga ætti lengra varðandi stjórnir hlutafélaga en lagt er til í frv. því sem hér er til umsagnar, þannig að tekinn væri upp 40/60 kynjakvóti þar. Þetta er kannski fyrsta skrefið í þá átt.

Jafnréttisstofa vonar að frumvarpið nái fram að ganga..

Virðingarfyllst

f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur